

Ed.

306. Nefndarálit

[138. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 19 13. apríl 1955, um breyt. á l. nr. 124 22. des. 1947, um dýralækna.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur klotnað um málið. Tveir nefndarmenn (SE) og (PZ) vilja samþykka frumv. óbreytt. Einn nefndarmanna (FRV) var fjarstaddur, er málið var afgreitt í nefndinni. Við undirritaðir leggjum til, að frumvarpið verði fellt.

Með lögum nr. 124 frá 22. des. 1947 var ákveðið, að héraðsdýralæknar skyldu vera 9 á landinu og umdæmi þeirra afmörkuð. Samkvæmt þeim lögum náði Dalasýsluumdæmi yfir Skógarstrandarhrepp í Snæfellsnessýslu, Dalasýslu alla, Austur-Barðastrandarsýslu og Strandasýslu að Árneshreppi. — Ísafjarðarumdæmi náði yfir Vestur-Barðastrandarsýslu, Ísafjarðarsýslur báðar, Ísafjarðarkaupstað og Árneshrepp í Strandasýslu. Með lögum nr. 19 frá 13. apríl 1955 var sú breyting gerð, að héraðsdýralæknum var fjölgað úr 9 upp í 12 og umdæmaskipun endurskoðuð.

Þau tvö umdæmi, sem nú hafa verið nefnd, breyttust ekki að öðru leyti en því, að Dalasýsluumdæmi var minnkað, Suður-Strandasýsla að Árneshreppi var skilin frá því og lögð við Húnavatnssýsluumdæmi. Þessi breyting var samþykkt einróma af báðum deildum Alþingis. Hins vegar var Ísafjarðarumdæmi látið vera óbreytt.

Hin eðlilega þróun þessara mála hefur að sjálfsgöðu orðið sú að fjölga dýralæknum, en smækka umdæmin, og á sú þróun vafalaust eftir að halda áfram, einkum þegar kostur verður á nægilega mörgum sérmenntuðum mönnum til þessara starfa. Geta má þess, að nú er aðeins eitt dýralæknisumdæmi laust á landinu, en 6 ungir menn við dýralæknánám erlendis.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, gengur í öfuga átt. Það miðar að því að stækka að miklum mun umdæmi, sem þótti ærið nóg að viðáttu að dómi allra alþingismanna árið 1955, að því er bezt verður séð.

Hverjum kemur frumvarp þetta til hagsbóta, ef að lögum verður? Íbúum Austur-Barðastrandarsýslu, ef bústaður dýralæknisins verður ákveðinn norðan Gilsfjarðar og þá væntanlega í Króksfjarðarnesi, eins og gert er ráð fyrir í greinargerðinni. Dalamönnum öllum og Skógstrendingum er breyting þessi til hins mesta óhagræðis. Vestur-Barðastrandarsýsla er eftir sem áður illa sett, einkum að vetrarlagi, eða eins og segir í umsögn yfirdýralæknis: „Sú breyting, sem hér er gert ráð fyrir, leysir því eigi erfiðleika þá, sem bændur í Vestur-Barðastrandarsýslu eiga við að etja, ef þeir þurfa að leita dýralæknis.“

Frumvarp þetta, ef að lögum verður, tákna í raun og veru, að Dalamenn og Skógstrendingar eru sviptir dýralækni þeim, sem löggjafinn hefur heitið þeim s. l. áratug. Þeir verða eftir sem áður að leita dýralæknis til Borgarness, ef nauðsyn krefur. Liggur ekki nær að leysa þetta mál á þann hátt að reyna að gera Ísafjarðarumdæmi svo úr garði, að einhver dýralæknir fái til að sækja um það, t. d. með því að skipta því í tvennt?

Reyndin mun vera sú, að dýralæknar hafa mest að gera, þar sem kúabú eru og mjólkursala. Í Austur-Barðastrandarsýslu er engin mjólkursala og ekki líklegt, að hún verði mikil í náinni framtíð. Hins vegar er mjólkursala hafin í allri Dalasýslu og líkur til, að hún fari vaxandi og kúm fjölgi í héraðinu á næstu árum.

Geta má þess, að hinn 1. marz s. l. var skipaður ungur dýralæknir í Dalasýsluumdæmi. Það er með öllu óvíst, að hann hefði nokkurn tíma sótt um þetta starf, ef þá hefði verið búið að stækka umdæmið, eins og frumvarp þetta gerir ráð fyrir. Á hinn bóginn má ætla, að dýralæknir þessi gegni að einhverju leyti dýralæknisstörfum á Vestfjörðum, svo sem aðstæður leyfa, meðan ekki fæst dýralæknir þangað, en til þess þarf enga lagabreytingu.

Fleiri rök mætti færa gegn þessu frumvarpi, en eins og sjá má af framanrituðu, er þó höfuðatriðið, að frumvarpið gerir að okkar dómi fleiri mönnum ógagn en gagn og gengur í öfuga átt við nauðsynlega og eðlilega þróun þessara mála. Við leggjum því til, að það verði fellt.

Alþingi, 12. marz 1958.

Friðjón Þórðarson, Sigurður Ó. Ólafsson.
frsm.